

Bæjarráð Árborgar
b/t Bragi Bjarnason formaður
Austurvegi 2
800 Selfoss

Selfossi, 30. október 2022

Efni: Aðstaða fyrir pílukast á Selfossi

Pílufélag Selfoss óskar eftir samstarfi við Sveitarfélagið Árborg um uppbyggingu á aðstöðu fyrir pílukast á Selfossi. Óskað er eftir styrk til kaupa og uppsetningu á pílubúnaði. Óskað er eftir styrk að upphæð kr. 2 milljónir til kaupa á þessum búnaði sem nánar er lýst í greinargerð sem fylgir styrkbeiðni.

Greinargerð

Pílukastfélag Árborgar var stofnað árið 2020. Félaginu reyndist erfitt að koma sér upp aðstöðu sökum veiru sem herjaði á heimsbyggðina og varð m.a. til þess að félagið lagðist í dvala. Í ágúst 2022 var félagið endurvakið af nokkrum áhugamönnum um pílukast, nýtt nafn var kynnt þ.e. Pílufélag Selfoss (PFS) og ný stjórn tók við. Félagið fékk lánaða fjóra pílukastsbása frá Kastinu í Hafnarfirði til að koma einhverri starfsemi af stað en því miður höfum við einungis afnot af þeim til 21. nóvember nk.

Það virðist einnig vera þrautin þyngrri að finna varanlegt húsnæði fyrir pílukast á Selfossi svo við gætum byrjað að æfa og kasta. Leitað var Umf. Selfoss með að fá að nota félagsheimilið Tíbrá til að koma okkur af stað með þessa fjóra bása. Var vel tekið í það og hófust æfingar í Tíbrá 26. september sl. Síðan þá höfum við verið með æfingar einu sinni í viku á mánudögum. Við byrjuðum að vera með opið hús og allir velkomnir og í heildina hafa verið að mæta á þessar æfingar á bilinu 30-40 manns. Nú er staðan sú að Tíbrá er sprungin sökum mikils áhuga og hafa áhugasamir einstaklingar sem hafa ætlað að mæta á æfingu þurft frá að hverfa.

Stjórn PFS hefur náð munnlegu samkomulagi við framkvæmdastjóra Golfklúbbs Selfoss um afnot af golfskálannum til að halda æfingar og námskeið ásamt opnum kvöldum fyrir áhugasama pílukastara. Til þess þarf að setja upp ákveðinn búnað sem hægt er að fjarlægja auðveldlega þegar það á við þar sem að golfskálinn er leigður út fyrir veislur o.fl. Þess vegna þarf að vera hægt að fjarlægja búnaðinn okkar með sem auðveldustum hætti. Þetta er engin óskastaða en frábært ef hægt er að leysa húsnæðisvanda okkar tímabundið. Þó er ljóst að við missum aðstöðuna yfir sex mánaða tímabil þegar golftímabilið er í hámarki.

Þess má einnig geta að PFS stendur fyrir Selfoss Open í pílukasti (sjá auglýsingu í viðhengi) þann 19. nóvember í Hvíta húsinu á Selfossi í frábæru samstarfi við Einar og Önnu Stellu eigendur Hvíta hússins. Á þetta mót komast 64 keppendur og nú þegar er mótið orðið fullt og biðlisti byrjaður að myndast. Meðal keppenda verða þrír

landslíðsþjálfarar, margföldum Íslandsmeistara ásamt Íslandsmeistararum í pílu síðustu þrjú ár, fullt af landslíðsfólki og áhugasömum pílurum. Við þurfum að leigja búnað til að framkvæma svona mót og hafa samningar náðst um það.

Einnig má geta þess að í ljósi afar ánægjulegra samskipta við Umf. Selfoss er félagið (PFS) þessa dagana að sækjast eftir aðild að Umf. Selfoss.

En allt kostar sitt. Félagið er búið að leitast eftir tilboðum í búnað til að koma okkur almennilega af stað og er heildarkostnaðurinn með öllu (búnaður, uppsetning, annar frágangur og vinna tæpar 2 milljónir króna.

Fyrir hönd Pílufélags Selfoss að þá langar okkur að leita til Sveitarfélagsins Árborg eftir styrkveitingu til kaupa á Pílubúnaði. Pílufélag Selfoss Óskar eftir styrkveitingu að upphæð 1,5 – 2 milljónir til kaupa á þessum búnaði.

Sem fyrr segir er óskað er eftir styrk til kaupa og uppsetningu á pílubúnaði að upphæð kr. 2 milljónir.

Með vinsemd og virðingu og von um jákvæð og skjót viðbrögð,
FH stjórnar Pílufélags Selfoss

Sævar Þór Gíslason
Varaformaður Pílufélags Selfoss